

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1998

3. júní 1998

977

Nr. 310

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a, b og c gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.98-30.06.99	44.600	0	198
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		98.600		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.98-30.06.99		0	141
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.98-30.06.99		0	141
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.98-30.06.99		0	106
0406.4000	Gráðostur	01.07.98-30.06.99		0	162
0406.9000	Annar ostur	01.07.98-30.06.99		0	158

Úr tollnúmeri:

c)	<i>Eggjarauda:</i>				
0408.1900	Önnur, gerilsneydd	01.07.98-30.06.99	ótilgr.	0	195

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júní 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 117/1998 um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja.

7. ml. í tl. 1.4 orðast svo:

Við útreikning skal miða við sölu í 4 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vörflokksins á sama tímabili í þeim verslunum ÁTVR sem hafa viðkomandi vöru í reynslusölu að frátalinni sölu í sérflokki, mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. 205/1998.

5. mgr. í tl. 1.5 fellur niður.

2. ml. í tl. 1.9 orðast svo:

Tölurnar eru yfir samanlagða sölu í þeim vínbúðum, sem hafa allar tegundir í kjarna, að frátalinni sölu vöru í sérflokki, mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. 205/1998.

Tl. 2.3 orðast svo:

Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim, sem tilboð gaf, niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, tilkynnir innkaupastjóri birgi hvenær reynslusala eigi að hefjast og gengur frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst. Takist samningur eigi fyrir þau mörk vegna tómlætis birgis, fellur tilboð hans af tilboðsskrá.